



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2013 MIÐVIKUDAGINN 23. OKTÓBER kl.12.25-13.25

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Önnur bréf: (sjá minnisblað)

- Nemandi sækir um að færa próf í desember. **Hafnað**
- Nemandi á námsbraut fyrir leikskólaliða, sækir um undanþágu í stærðfræði. Greiningu vantar frá sérfræðingi.
- Staðfesting skólameistara á undanþágu frá 12 einingum í ensku til útskriftar af listnámsbraut fatahönnun með viðbótarnámi til stúdentsprófs.
- Staðfesting skólameistara á undanþágu frá þýsku til stúdentsprófs af félagsfræðabraut
- Staðfesting skólameistara á undanþágu frá áfanganum SPÆ403 til stúdentsprófs
- Sjö nemendur segja sig frá námi í FG. (sjá minnisblað)

2. Skólasókn

Yfirlit fjarvistaskráninga lagt fram (Fylgiskjal 1)

3. Félagslíf og fjármál NFFG

Fulltrúar nemenda fóru yfir helstu viðburði sem verða á næstunni. Á morgun fimmtudag verður stelpukvöld í Urðarbrunni. Slík kvöld hafa verið mjög vinsæl og vonast er eftir góðri þátttöku. Morfis-lið skólans keppir þann 1.nóvember við lið Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Keppnin verður í Urðarbrunni. Salsaball verður í byrjun nóvember. Leikfélagið mun taka þátt í undirbúningi þess með ýmsum uppákomum í þeirri viku. Nýnemanefnd er ný nefnd á vegum NFFG.

4. Önnur mál

Skólameistari lagði fyrir skólaráð breyttar skólareglur sem fundarmenn fengu áður til kynningar. Nýjar skólareglur voru samþykktar samhljóða og verða settar á heimasíðu skólans (Fylgiskjal 2).

Þann 14.nóvember n.k. verður Dagur Loka en þann dag skipta nemenur og starfsmenn um hlutverk. Undirbúningur er kominn af stað. Kennsla verður fram að hádegi en eftir hádegi verður kvikmyndahátíð sem verður auglýst á göngum skólans.

Fundinn sátu:

Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG fulltrúi nemenda
Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi
Atli Guðnason fulltrúi kennara
Nína Ingólfssdóttir fjármálastjóri NFFG fulltrúi nemenda
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Sigurkarl Magnússon fulltrúi kennara

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Snólaug Bjarnadóttir áfangastjóri
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi og fundarritari
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi